

## Fundargerð

### 216. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Priðjudaginn 22. desember 2015 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Fundaáætlun fyrir fyrrihluta árs 2016
- (3) Raftæki
- (4) Söfnunarstöðvargald
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (215. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Fundaáætlun fyrir fyrrihluta árs 2016

Lögð var fram á fundinum tillaga að fundaráætlun frá janúar til júlí 2016.

*Samþykkt*

#### 3. Raftæki

Lögð var fram tillaga um breytingar á endurgjaldi til þjónustuaðila raftækjaúrgangs. Farið var yfir þróun á endurvinnslumörkuðum. Verulegt fall hefur orðið á endursöluverði á brotamálmi á heimsmarkaði. Það hefur haft mikil áhrif á söluverð til íslenskra endurvinnslufyrirtækja fyrir málminn.

Hækkunarþörf er samkvæmt úttekt:

|            |         |
|------------|---------|
| Kælitæki   | 5 kr/kg |
| Skjáir     | 5 kr/kg |
| Perur      | 2 kr/kg |
| Stór tæki  | 8 kr/kg |
| Lítil tæki | 6 kr/kg |
| UT tæki    | 2 kr/kg |

Breyta þarf úrvinnslugjaldi í síðasta lagi í ársbyrjun 2017 til að mæta þessari hækkun á greiðslu til þjónustuaðila.

Stjórnarmenn ræddu að miklar breytingar gætu átt sér stað á endurgjaldi á endurvinnslumörkuðum og fylgjast þyrfti vel með þeim.

*Stjórn samþykkir ofangreindar breytingar á endurgjaldi fyrir flokka raftækjaúrgangs til þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs.*

Lagt fram á fundinum ákvæði úr lögum um meðhöndlun úrgangs um skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur raftækja annars vegar og rafhlaða og rafgeyma hins vegar. Umhverfisstofnun sér um skráningarkerfið og innheimtir skráningarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Úrvinnslusjóður greiðir. Gjaldskráin kveður á um 1.000 kr/fyrirtæki. Á skrá eru tæplega 2.800 fyrirtæki. Öll fyrirtæki sem á árinu hafa flutt inn raftæki eða rafhlöður/rafgeyma á númerum sem bera Úrvinnslugjald.

Stjórn ræddi um skilgreiningar á framleiðendum og innflytjendum og þar með þeim fyrirtækjum sem bera framleiðendaábyrgð einnig hvernig hugsanlegt eftirlit fari fram á vegum Umhverfisstofnunar.

#### **4. Söfnunarstöðvargjald**

Á stjórnarfundinum haldinn 29. september 2015 var farið yfir lagaákvæði og framkvæmd Úrvinnslusjóðs á greiðslu söfnunarstöðvargjalda. Frá árinu 2008 hefur greiðsla söfnunarstöðvargjalda verið hluti af greiðslu Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila. Þjónustuaðilar hafa gert upp við sveitarfélög.

Sveitarfélögin telja nauðsynlegt að geta valið þjónustuaðila með útboði og vilja halda í núverandi fyrirkomulag.

Sveitarfélögin óska eftir óbreyttri framkvæmd við greiðslu söfnunarstöðvargjalda.

*Stjórn samþykkir óbreytt fyrirkomulag við greiðslu söfnunarstöðvargjalda.*

#### **5. Önnur mál**

Á síðasta stjórnarfundinum var stutt kynning á lögum um opinber fjármál. Í tengslum við innleiðingu laganna óskar ráðuneytið eftir ítarlegum gögnum frá stofnunum til að setja saman stefnumótun málefnasviðs/málaflokka ráðuneytisins.

Næsti fundur ákveðinn 12. janúar 2016.

Fundi slitið kl 14.00